

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um fullnustu refsinga nr. 961/2005.**

1. gr.

Á eftir 22. gr. reglugerðarinnar bætist við ný grein, svohljóðandi:

23. gr.

*Notkun síma og annarra fjarskiptatækja.*

Gæsluvarðhaldsfanga er heimilt að nota síma eða önnur fjarskiptatæki, þó þannig að honum er slík notkun óheimil í klefa sínum. Sá sem stýrir rannsókn getur þó bannað eða takmarkað notkunina. Gæsluvarðhaldsfangi má nota önnur fjarskiptatæki utan klefa í tengslum við nám og vinnu. Forstöðumaður fangelsis getur takmarkað eða bannað að gæsluvarðhaldsfangi noti önnur fjarskiptatæki ef hætta þykir á að það raski góðri reglu eða öryggi í fangelsinu. Sé gæsluvarðhaldsfangi vistaður innan um aðra afplánunarfanga gilda ákvæði laga um fullnustu refsinga um notkun á síma og öðrum fjarskiptatækjum.

2. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 80. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005 og 4. mgr. 99. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. mars 2009.*

**Ragna Árnadóttir.**

---

*Skúli Pór Gunnsteinsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 8. apríl 2009